

Fundargerð 15. fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags, 5. júlí 2018 kl. 11:00.

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Sigríður Halldórsdóttir, Sara Stefánsdóttir og Elías Pétursson formaður, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Í upphafi fundar buðu fundarmenn Sigríði velkomna til starfa sem hjúkrunarforstjóra Nausts.

Dagskrá:

1. Framvinda framkvæmda

Farið var yfir stöðu hönnunar á breytingum eldra húss. Hönnun er nú á lokastigum og unnið er að gerð verkfagna og lýsinga. Áætlun gerir ráð fyrir að gögn verði tilbúin í lok komandi viku og verður verkið þá auglýst og leitað samninga við áhugasama verktaka.

2. Starfsmannamál

Undanfarið hafa verið töluverðar fjarvistir starfsfólks vegna veikinda og því þurft að leysa margt með afleysingafólki. Ljóst er að af þessu hlýst kostnaður ásamt og að aukið álag fellur á starfsfólk. Fram kom í máli stjórnarmanna að mikilvægt væri að gæta hagkvæmni í lausnum og gæta vel að kostnaði.

3. Önnur mál

- a) Heimaaðhlyning – fram hefur komið á fundi með sveitarstjóra, hjúkrunarfræðingi á heilsugæslu og forsvarsfólki Nausts hugmynd þess efnis að sveitarfélögin hafi forgöngu um og annist heimaaðhlyningu sem fæli í sér innlit til aldraðra íbúa. Í innliti fælist smávægileg aðstoð og samtal í 15 til 20 mínútna stoppi einu sinni til tvisvar á dag í samvinnu við heimahjúkrunarfólk.

Fundarmenn voru sammála um að hugmyndin væri áhugaverð og til þess fallin að bæta þjónustu við aldraða. Einnig voru fundarmenn sammála um að daglega framkvæmd þjónustunnar væri best fyrir komið hjá Nausti.

Ákveðið að framkvæmdastjórar beggja sveitarfélaga tækju samtal við forsvarsfólk félagsþjónustunnar í Norðurþingi þar sem umrædd þjónusta heyrir undir félagsþjónustu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.